

**Nd.**

**723. Breytingartillögur**

[208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 29. gr. Greinin orðist svo:

53. gr. laganna orðist svo:

Nú breytist framfærsluvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1964, og skal þá hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., A-lið 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., í réttu hlutfalli við það.

2. Við 30. gr. Í stað orðanna „og 28. gr.“ komi: 28. gr. og 29. gr.